



Alþingi
Erindi nr. P 139/2406
komudagur 13.S. 2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1225 – 706. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp. Markmið frumvarpsins er, líkt og kemur fram í greinagerð með því, að styrkja réttarstöðu brotþola og þá sérstaklega þeirra sem eru þolendur ofbeldis á heimili. Í frumvarpinu eru reglur um nálgunarbann útfærðar mun ítarlegar en í lögum nr. 122/2008, um nálgunarbann, ásamt því að sett eru fram ákvæði um brottvísun einstaklings af heimili eða dvalarstað sínum sé það öðrum heimilismönnum hans fyrir bestu.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur að verði það að lögum muni það hafa mikla og jákvæða breytingu í för með sér frá því sem verið hefur fyrir réttarstöðu brotþola. Sú vernd, sem í úrræðunum tveimur felst, nálgunarbanni og brottvísun, á sérstaklega við í tilfellum þar sem þörf er á að vísa ofbeldisfullum einstaklingi af heimili eða dvalarstað sínum vegna hagsmuna annarra heimilismanna og jafnframt þegar þörf er á að koma í veg fyrir áreiti og refsiverða hegðun sakbornings gagnvart brotþola.

Mannréttindaskrifstofan vill koma eftirfarandi á framfæri:

1. Þegar gengið er á réttindi einstaklings verður ávallt að taka mið af því að önnur og mildari úrræði dugi ekki og gæta meðalhófs. Mannréttindaskrifstofan telur að frumvarpið sé í samræmi við ofangreint þar sem 6. gr. frumvarpsins felur í sér sérstaka meðalhófsreglu og ekki er heimilt að beita nálgunarbanni/brottvísun ef unnt er að beita öðrum vægari úrræðum með sama árangri. Einnig er með ákvæðum um samvinnu á milli lögreglu og sveitarfélaga, í málum er varða brottvísun af heimilum, gætt að því að einstaklingur sem vísað er út af heimili sínu þurfi ekki að vera á götunni heldur á félagsþjónusta sveitarfélagsins að útvega honum húsnæði ef hann hefur engin önnur úrræði. Telur Mannréttindaskrifstofan að þetta sé í fullu samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Almenna athugasemd nefndar SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi nr. 7, (General comment no. 7), þar sem segir m.a. að þegar heimild er í lögum til að vísa einstaklingi af heimili sínu verði að gæta meðalhófs í hvívetna og gera ráðstafanir til þess að hann þurfi ekki að vera heimilislaus.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

2. Mannréttindaskrifstofan telur að með frumvarpinu gæti ójafnræðis á milli brotþola og sakbornings þegar kemur að því að staðfesta eða hnekkja ákvörðun lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri kemst að þeirri niðurstöðu að nálgunarbanni sé komið á, eða að vísa eigi einstaklingi af heimill, er þeirri ákvörðun strax vísað til staðfestingar héraðsdóms eða eigi síðar en þrem sólarhringum eftir að ákvörðun er birt sakborningi. Ef hins vegar lögreglustjóri synjar um beitingu úrræðis 4. gr. og/eða 5. gr., getur brotþoli kært þá ákvörðun til ríkissaksóknara. Ef ríkissaksóknari staðfestir ákvörðun lögreglustjóra er möguleiki fyrir brotþola að kæra þá ákvörðun til dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Það er því ljóst að vilji brotþoli fá niðurstöðu óháðs, utanaðkomandi aðila, líkt og dómara, er það að þessu leyti lengra og flóknara ferli heldur en opið er sakborningi. Þrátt fyrir að ætla megi að réttaröryggis brotþola sé gætt með því að tryggja þeim kæruleið, verður að telja að líkur séu til þess að hluti þeirra leggi ekki í það ferli eða hreinlega treysti sér ekki til þess að berjast sjálfir fyrir því. Bent skal á að konur sem búið hafa við gróft og á tíðum langvarandi andlegt og líkamlegt ofbeldi eru oft ekki nægilega sterkar andlega til berjast sjálfar fyrir rétti sínum. Því leggur Mannréttindaskrifstofan til að allar ákvarðanir lögreglustjóra um úrræði 4. og/eða 5. gr., hvort sem fallist er á þau eða beitingu þeirra synjað, verði sjálfkrafa bornar undir héraðsdómara.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri